

boenda
FERÐIR

BILBAO & BASKALAND



9. – 16. júní 2024

Fararstjóri: Aðalheiður Jónsdóttir

Sumar 8
Spánn

Ferðalýsing

Í þessari glæsilegu ferð um Baskahéruð Spánar upplifum við í senn dásamlega náttúrufergurð, heillandi menningu og iðandi mannlíf. Ferðin hefst í **Madrid**, höfuðborg Spánar, og munum við skoða markverðustu staði hennar en borgina einkennir afar fallegur miðaldablær. Við förum um **Baskahéraðið** á Norður-Spáni og njótum nærveru **Cantabria** fjalla á leið til **Burgos**, einnar mikilvægustu borgar á hinum þekktu **Jakobsvegi**, en þar hafa varðveist merk ummerki frá blómaskeiði borgarinnar. Í líflegu hafnarborginni **Bilbao** gefst okkur tækifæri til að skoða hið fræga **Guggenheimsafn** og á för okkar með ströndinni til **Santander**, mætir okkur hrífandi fegurð. Farið verður til **Comillas**, sem er litríkur sjávarbær, og **San Sebastian** þar sem við fetum í fótspor kvikmyndastjarna og virðum fyrir okkur perluhvítan sandinn við þaðströndina Bahía de la Concha við Biscaya flóann. Að endingu förum við um hjarta Spánar, fallega héraðið Kastilia.

8 dagar | 7 nætur

2 nætur Madrid | 5 nætur Bilbao



9. júní | Flug til Madrid

Brottför frá Keflavík kl. 15:00. Mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Madrid kl. 21:25 að staðartíma. Í Madrid verður gíst í tvær nætur á hóteli.

10. júní | Skoðunarferð um Madrid

Madrid er höfuðborg Spánar og situr á miðjum Iberíuskaganum í 667 m hæð yfir sjávarmáli. Borgina einkennir fallegur miðaldarblær og skreytt hús og byggingar frá Habsborgartímanum vekja

verðskuldaða athygli. Við byrjum á að fara í skoðunarferð um áhugaverðustu staði borgarinnar en síðan gefst góður tími til að njóta þess sem borgin hefur

upp á bjóða á eigin vegum. Listasöfn borgarinnar eru víðfræg, El Prado þar fremst í flokki. Einnig er gaman að virða fyrir sér glæsilegu konungshöllin El Palacio Real. Einstaklega gaman er að rölta um þessa líflegu borg og njóta spænskra veitinga á spennandi kaffihúsum, börum eða veitingahúsum og kíkja jafnvel á kaupmennina. Kvöldverður á eigin vegum.



11. júní | Burgos & Bilbao

Nú kveðjum við Madrid og höldum út á hásléttuna með fjallstindana við sjóndeildarhringinn. Áð verður í miðaldaborginni Burgos í sjálfsstjórnarhéraðinu Castille-León. Þetta er ein af mikilvægustu borgunum á Jakobsveginum og hér hafa varðveist merk ummerki frá blómaskeiði borgarinnar á miðöldum. Eitt af meistaraverkum gotneskrar byggingarlistar er dómkirkjan sem áhugavert er að skoða. Hér verður farið í stutta

skoðunarferð og eftir það verður gefinn tími til að fá sér hressingu og kanna líf bæjarbúa. Ekið verður áfram til hafnarborgarinnar Bilbao í Baskahéraði þar sem gist verður í fimm nætur.

12. júní | Skoðunarferð um Bilbao

Bilbao er ein helsta hafnarborg Spánar. Eitt frægasta kennileiti borgarinnar er hið fræga Guggenheim listasafn sem hannað var af Frank Ghery. Farið verður í fróðlega skoðunarferð en söguleg arfleið og menning sést vel á arkitektúr og glæsilegum byggingum sem skreyta elsta hluta borgarinnar. Að skoðunarferð lokinni er frjálstími þar sem þeir sem áhuga hafa geta farið á



Guggenheimsafnið (athugið að nauðsynlegt er að bóka með góðum fyrirvara) og aðrir geta notað tímann til að endurnærast á einum af vínbörunum eða tapas veitingastöðunum sem borgin er þekkt fyrir.

13. júní | Santander & Comillas

Heillandi náttúrufergurð mætir okkur í dagsferð með fram Cantabria ströndinni til Santander, sem er höfuðstaður héraðsins. Santander var á miðöldum mikilvæg hafnarborg en er í dag vinsæll baðstrandarbær. Á 19. öld fór aðallinn og ríkar fjölskyldur frá Spáni að sækja hér til strandarinnar og ber hverfið El Sardinero þess merki. Lúxushótel, spilavíti og litlar sumarhallir setja mark sitt á umhverfið og sjálfur Spánarkonungur, Alfons VIII, byggði hér einnig. Sumarhöll hans reis á tanganum La Magdalena en þar nú er



starfræktur sumarháskólinn Ménéndes Palayo. Hafnarhverfið Barrio Pesquero á sér langa sögu og þangað er skemmtilegt að koma, jafnvel væri tilvalið að fá sér þar hádegisverð. Síðdegis verður ekið í litríkan og skemmtilegan bæ, Comillas, þar sem margt áhugavert er að skoða s.s. höllin Marqueser de Comillas en í garði hennar er fallett lystihús eftir sjálfan Antoni Gaudí. Það hýsir nú einn þekktasta veitingastað bæjarins.

14. júní | Frjálstími í Bilbao

Í dag tökum við það rólega í Bilbao. Upplagt er að skoða borgina betur á eigin vegum og njóta þess að hafa nægan tíma til að röltu um götur hennar, sýna sig og sjá aðra. Áhugasamir gætu einnig farið á Guggenheimsafnið í dag (athugið að nauðsynlegt er að bóka með góðum fyrirvara) og eins er hægt að líta inn á kaupmenn og á eitthvert hinna fjölmörgu kaffi- og veitingahúsa.

15. júní | Skoðunarferð til San Sebastian

Í ferð dagsins liggur leið okkar í hina áttina með fram þeirri fögru strönd til San Sebastian við Biscaya flóann. San Sebastian bærinn er svo sannarlega réttnefndur perla flóans en baðströndin Bahía de la Concha hefur verið einn þekktasti ferðamannastaður Baskahéraðs allt frá 19. öld. Lögun strandarinnar



minnir á skel og gerir bæjarstæðið undurfagurt. Við förum í skoðunarferð um elsta hluta borgarinnar þar sem við fetum í fótspor kvikmyndastjarna sem dvelja hér ár hvert meðan á kvikmyndahátíð stendur. Að lokinni skoðunarferðinni gefst tími til að njóta lífsins og skoða sig betur um í borginni.

16. júní | Heimflug frá Madríd

Heimferðardaginn kveðjum við Baskahérað eftir yndislega daga og höldum til Madríd. Á leiðinni verður ekið um hjarta Spánar, fallega héraðið Kastilia. Hvarvetna verðum við vitni að því hvernig stórfenglegir kastalar og hrífandi kirkjur setja svip sinn á borg og bæi en héraðið er fyrrum greifadæmi og var um tíma konungsríki. Að sjálfsögðu verður staldrað við á fallegum stað á leiðinni til að fá sér hressingu. Heimflug er frá Madríd kl. 22:25 og landing í Keflavík kl. 01:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

349.900 kr. á mann í tvíbýli | 93.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Play og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hótelum.
- ✓ Sex kvöldverðir á hótelum.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Einn kvöldverður í Madríd.
- ✓ Siglingar og ferjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Guggenheimsafnið. Athugið að nauðsynlegt er að gestir bóki miða á safnið tímanlega en það má gera í gegnum vefsíðu safnsins:

<https://www.guggenheim-bilbao.eus/en/hours-and-admission>

